

Svar

fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Birni Leví Gunnarssyni um lögbundin verkefni Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins.

1. Hvaða lögbundnu verkefnum sinnir Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins?

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins starfar samkvæmt lögum nr. 86/2011, um verslun með áfengi og tóbak, og reglugerðum þar sem kveðið er nánar á um verkefni og skyldur fyrirtækisins.

2. Hver er áætlaður heildarkostnaður lögbundinna verkefna Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins og hver er áætlaður kostnaður hvers verkefnis samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2020?

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins er B-hluta stofnun sem fjármögnuð er með tekjum af vörusölu en ekki með framlögum í fjárlögum og kemur engin kostnaðarskipting starfseminnar fram þar.